

Úthlutunarreglur Húnasjóðs

Húnasjóð stofnuðu hjónin Ásgeir Magnússon og Unnur Ásmundsdóttir til þess að minnast starfs Alþýðuskóla Húnavetninga, sem Ásgeir stofnaði og rak á Hvammstanga árin 1913-1920. Tilgangur sjóðsins er að stuðla að endurmenntun og fagmenntun í Húnaþingi vestra. Samkvæmt skipulagsskrá fyrir Húnasjóð sem samþykkt var á fundi sveitarstjórnar þann 12. október 2000 skal sveitarsjóður leggja sjóðnum árlega til fé samkvæmt fjárhagsáætlun hverju sinni. Árlegu framlagi Húnaþings vestra ásamt hálfum vöxtum höfuðstóls skal úthluta í styrki á ári hverju.

Húnaþing vestra auglýsir á hverju ári eftir umsóknum um styrki úr sjóðnum sem er veittur síðsumars ár hvert og birtir auglýsingu þess efnis á heimasíðu Húnaþings vestra.

Stjórn Húnasjóðs er skipuð byggðarráði Húnaþings vestra sem annast úthlutanir árlega.

1. gr.

Styrkhæfir eru þeir sem ljúka háskólagráðum á BA/BS stigi eða sambærilegu námi til 180 ECTS eininga, MA gráðu eða sambærilegu námi til 120 ECTS eininga eða sveins- eða meistaraþrófi í iðngrein. Stjórn sjóðsins er heimilt að víkja frá framangreindum skilyrðum þegar um er að ræða nám sem sannarlega nýtist viðkomandi í starfi sínu í Húnaþingi vestra og umsókn fylgi staðfesting yfirmanns þar um.

2. gr.

Umsækjendur þurfa að hafa lokið námi eftir síðustu úthlutun sjóðsins til að koma til greina við úthlutun.

3. gr.

Umsækjendur þurfa að eiga lögheimili í Húnaþingi vestra og hafa átt það í að minnsta kosti frá 1. desember árið fyrir úthlutun. Námsmenn sem stunda nám erlendis og þurfa að flytja lögheimili sitt þangað geta sótt um styrk, ef lögheimili þeirra hefur verið í Húnaþingi vestra síðustu 12 mánuði fyrir flutning og námið uppfyllir skilyrði þau sem tilgreind eru í 1. gr.

4. gr.

Umsækjandi getur aðeins fengið styrk einu sinni úr sjóðnum.

5. gr.

Starfsmenn Húnaþings vestra sem hlotið hafa námsstyrk í samræmi við Reglur um námsstyrki til starfsmanna Húnaþings vestra geta ekki hlotið styrk úr Húnasjóði.

6. gr.

Sveitarstjórn ákveður heildarupphæð styrkja á ári hverju, en byggðarráð úthlutar þeim fjármunum sem eru til ráðstöfunar hverju sinni og ákveður upphæð einstakra styrkja sem geta verið misháir milli einstaklinga. Þó umsækjandi uppfylli öll skilyrði tryggir það ekki styrk.

7. gr.

Úthlutun byggðarráðs er endanleg, þarfnast ekki rökstuðnings og verður ekki vísað til æðra stjórnvalds.

Samþykkt á 1248. fundi byggðarráðs þann 30. júní 2025.

Á meðan á sumarleyfi sveitarstjórnar stendur fer byggðarráð með sömu heimildir og sveitarstjórn hefur ella, sjá nánar 5. mgr. 32. gr. samþykktar um stjórn Húnaþings vestra nr. 15/2024.

Reglur þessar hafa vísan í Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna nr. 4 og 10.

